

# EFTIRLITSSKÝRSLA



UMHVERFISSTOFNUN

## Hraðfrystihúsið Gunnvör Álftafirði og Seyðisfirði við Ísafjarðardjúp.

<b>Dags eftirlits</b>	17.7.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hraðfrystihúsið Gunnvör	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Hnífsdalsbryggju	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	630169-2249	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Kristján Jóakimsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	319330,844 620949,203

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein athugasemd var gerð varðandi skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Minnt var á að næsta sýnataka skv. gr. 3.3 í starfsleyfi er árið 2015. Niðurstöður úr þeirri sýnatöku skulu sendar á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) um leið og þær berast rekstraraðila.

Lítill starfsemi er í eldinu í dag og er einungis fiskur í þremur kvíum. Tveimur kvíum í Álftafirði, 50m og 90m og einni 90m kví í Seyðisfirði. Tekin verða inn seiði í haust vegna kynbótaverkefnis á þorski.

Farið var yfir gr. 1.3 í starfsleyfi og bent á möguleikann á umsókn um fækkun eftirlitsferða sé fyrirtækið með staðlað innra eftirlit eða hefur verið frávikalaust í fjögur ár samfleytt. Einnig var farið yfir hvatningarkerfi stofnunarinnar og birtingu vottana á fyrirtækjasíðu rekstraraðila á [www.ust.is](http://www.ust.is), sem og viðurkenningu fyrir frávikalaus ár.

### ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð við skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi en skiladagur er 1. maí ár hvert. Bókhöldunum var skilað með tölvupósti þann 20. júní sl.

### ANNAÐ

Rekstraraðili stefnir að stækkun eldisins og er sú umsókn í ferli. Umhverfismat er í vinnslu hvað varðar eldi á regnbogasilung og þorski.

Reykjavík, 13.08.2014

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.